



Akraneskaupstaður

Velferðarnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Akranesi, 1. apríl 2016  
1601444 RÁ/sas

**Efni: 242. mál um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands**

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 31. mars sl., var fjallað um frumvörp og þingsályktunartillögur sem eru til umsagnar á Alþingi, þar á meðal 242. mál um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

**Bæjarráð bókaði svohljóðandi:**

*„Bæjarráð fagnar tímabærri eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Jafnframt verði minnt á að Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi er eina sjúkrahúsið á suðvesturhorninu sem er utan skilgreindra hamfarasvæða og því beri að staðfesta hlutverk stofnunarinnar sem varsjúkrahús fyrir Landspítala og að það verði haft að leiðarljósi við framtíðaruppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.“*

Bæjaryfirvöld á Akranesi styðja því heilshugar tillöguna um að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að greina starfsemi stofnunarinnar ítarlega og skila að því búnu hugmyndum og tillögum um með hvaða hætti verði hægt að efla starfsemina og auka fjárveitingar til stofnunarinnar.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

Samrit: Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

